

Kennsluáætlun

# ÉG VEIT AÐ ÞETTA MÁ EKKI EN ÞAÐ GERA ÞAÐ ALLIR?



NEMENDAHOÐUR:  
12-16 ára

TÍMALENGD:  
40 min - 1 klst.



## KENNSLUMARKMIÐ

- Að vekja nemendur til umhugsunar um hvað þeir aðhafast á netinu
- Að nemendur velti fyrir sér höfundarrétti.
- Að nemendur geri sér grein fyrir hvað það þýðir þegar efni er höfundarvarið.
- Að nemendur geri sér grein fyrir vinnunni sem liggur á bak við listaverk, tónlist, kvikmyndir og fleira.

## KENNSLUPUNKTAR OG KENNSLUEFNI

Þessar spurningar er hægt að nýta samhliða myndinni „Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir“ sem fjallar um höfundarrétt og netið. Ræddu við nemendurna um hvernig þau nota tölvuna til að sækja sér efni og hvort þau deili efninu með öðrum. Talaðu um höfundarétt og hver þau haldi að tapi þegar t.d. tónlist er dreift á netinu, eru það tónlistarflytjendur, lagasmiðir eða hljómplötufyrirtækin?

Nánari upplýsingar um höfundarrétt má finna á heimasíðunni <http://www.netsvar.is>

### Spurningar

*Skiptu upp í hópa og láttu nemendur ræða saman um:*

1. Hvað er ólöglegt niðurhal?
2. Hver er munurinn á löglegum og ólöglegum niðurhalssíðum?
3. Hverjir eru kostir þess að hlaða niður efni? En ókostirnir?
4. Hvað heldur þú að verði um kvikmynda- og tónlistariðnaðinn ef við hættum að kaupa efnið þeirra?
5. Hvernig myndir þú sem áhugamaður um tónlist og/eða kvikmyndir vilja sjá hlutina þróast?
6. Hvernig myndir þú vilja sjá hlutina þróast ef þú værir tónlistar- og/eða kvikmyndagerðarmaður?

**Orð:** Höfundarréttur, niðurhal, skráarskipti.